

Fundur í skólaráði Snælandsskóla 27. nóv. 2020

Mættir: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir og Brynja Rut Sigurðardóttir fulltrúar foreldra, Arna Björk Þórðardóttir fulltrúi nærsamfélagsins, Soffía Weisshappel og Jón Óttarr Karlsson fulltrúar kennara, Alma Ösp Óskarsdóttir og Björn Kári Sigurbjörnsson fulltrúar nemenda og Magnea Einarsdóttir skólastjóri.

Farið yfir hvernig gengur með fyrirkomulag í skólanum í covid ástandi. Gengið betur eftir að rýmkað var með miðstig, grímuskylda tekin niður. Hefðum viljað gera betur með matarmál en hólfaskipting kemur í veg fyrir það.

Rætt um slys í kastala á skólalóð, barn sem fellur þegar það er að klifra. Úttekt gerð aftur á leiksvæðinu en hún hafði verið gerð líka í haust. Ný úttekt gaf til kynna að undirlag dregur í sig vatn og frýs þannig dempun á undirlagi er viðurkennd upp á ákveðna hæð en kastalinn er hærri en það. Til bráðabirgða var því efsti hluti kastalans fjarlægður. Meta þarf hvað verður gert í framhaldinu sem varanleg lausn.

Ákveðið að óska eftir fundi með Friðrik Baldurssyni og fleirum sem koma að skipulagningu skólalóða m.a. horft til þess að breyta þurfi rennibrautinni sem nú er lokuð með yfirbyggðu röri.

Rætt um jólaföndur sem er í boði foreldrafélagsins en allt jólauppbot verður að fara fram í bekkjarstofum þar sem ekki má blandast milli hópa. Foreldrafélagið sendir stytta til allra nemenda til að skreyta. Jólaböll og jólaskemmtanir verða einnig með öðrum hætti en venjulega.

Ánægja með að leikrit sem venjulega hafa verið sett upp í 4. bekk eru nú sett fram sem kvikmynd.

Rætt um nýjar fjáröflunarleiðir fyrir nemendur í 10. bekk þar sem ekki er hægt að vera með kaffisölu í tengslum við jólaföndur og ekki heldur páskabingó.

Rætt um líðan kennara og nemenda, báðir hópar hafa sýnt mikla aðlögunarhæfni í vetur þar sem oft hefur þurft að breyta skipulagi samhliða reglugerðum um fjöldatakmarkanir og skólahald á tímum covid.

Fundi slitið.

Brynjar Ólafsson, ritari